

Rannsóknaskýrslur 1999

Klausturhólar, Flatey á Breiðafirði

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Magnús A. Sigurðsson



Rannsóknaskýrslur 1999

?

Klausturhólar, Flatey á Breiðafirði

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags


Magnús A. Sigurðsson

Ljósmynd á forsiðu: Mynd 1: Klausturhólar í Flatey á Breiðafirði

© 1999 Þjóðminjasafn Íslands/Magnús A. Sigurðsson
Öll réttindi áskilin.
ISSN 1560-8050
Prentun/umbrot: ?????????

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur.....	?
Framkvæmd.....	?
Yfirlit yfir sögu byggðar á svæðinu.....	?
Fornleifaskrá	?
Niðurstöður.....	?
Heimildir.....	?
Viðauki.....	?



Deiliskipulag

Umrætt skipulagssvæði umhverfis Klausturhólahúsið

Inngangur:

Vegna fyrirhugaðs deiliskipulags lóðar fyrir frístundarbyggð Klausturhóla í Flatey, Breiðafirði, var farið fram á það við minjavörð Vesturlands og Vestfjarða, að hann athugaði um fornleifar á viðkomandi lóð, en eigi er hægt að samþykkja deiliskipulag án undangenginnar skráningar, eða einsog segir í 18. grein Þjóðminjalaga nr. 88/1989:

...Skylt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi, eða endurskoðun þess og skal Þjóðminjasafn eiga samvinnu við skipulagsyfirvöld um það...

Í 64. grein reglugerðar um Þjóðminjavörslu (334/1998) er nánar kveðið á um fornleifaskráningu:

...Fornleifaskráning skal gerð undir stjórn fornleifafræðings. Við fornleifaskráningu skal þess gætt, að teknar séu saman ritaðar jafnt sem munnlegar heimildir um fornleifar og allir minjastaðir kannaðir á vettvangi, hvort sem fornleifar eru sýnilegar á yfirborði eða ekki. Allir minjastaðir skulu færðir á kort og gerðar lýsingar og uppdrættir af þeim minjum sem sýnilegar eru. Fornleifaskráningu telst því aðeins lokið að út hafi komið fjölrítuð, prentuð eða stafræn skýrsla um hana. Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess samkvæmt skipulagslögum....

Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998, grein 4.20.1 stendur:

Í svæðis- og aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir Þjóðminjum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð, í samræmi við ákvæði Þjóðminjalaga.

Skylt er að fram fari fornleifaskráning áður en gengið er frá skipulagi, sbr. 3.2. Fornleifaskráning skal taka mið af þeirri nákvæmni sem skipulag er unnið í og frekari skráning eftir atvikum fara fram í tengslum við gerð deiliskipulags þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð.

Mjög brýnt er að sinna fornleifaskráningu áður en hafnar eru framkvæmdir því að ómetanlegar minjar geta legið hvar sem er. Allar framkvæmdir eru því viðkvæmt mál því að ekki er vitað hvað leynist á viðkomandi svæðum. Því getur það verið framkvæmdaaðila í hag að láta fram fara fornleifamat áður en hafist er handa, sbr. 20. grein Þjóðminjalaga:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmdir skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd verks uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verk megi fram halda og með hvaða skilmálum.

En hvað eru fornleifar?

Í 16. grein Þjóðminjalaga er þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á,...
Að jafnaði teljast minjar 100 ára eða eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar,...

Ekki er um stórt svæði að ræða í þessu tilviki en hér hefur verið byggð frá landnámi, og því er brýnt að fara að öllu með gát.

Um 1989 var unnið að aðalskipulagi Flateyjar 1990-2010. Í sambandi við skipulagsvinnuna var farið framá það við Þjóðminjasafnið að það sinnti fornleifaskráningu. Vegna anna starfsmanna var leitað til Águsts Georgssonar og fór bráðabirgðaskráning fornleifa fram haustið 1989, en vegna anna var honum ekki heimangengt nema um helgi svo að aldrei varð endanlega gengið frá skráningarmálum í Flatey, en skýrslan gefur allgóða mynd af fornleifum og minjum í eyjunni.

Meðfylgjandi eru hluti úr korti Ágústar Georgssonar þar sem hann hefur merkt fornleifar inn. Þar hef ég bætt inná umtöluðu skipulagssvæði.

Einnig fylgir með hluti úr korti Samúels Eggertsonar frá 1910.

Framkvæmd

Þann 27. Maí 1999, sigldi ég úti Flatey og dvaldi þar næturlangt. Gekk ég umhverfis Klausturhólahúsið og næsta nágrenni og skráði það sem fyrir augun bar. Hafði ég skýrslu Ágústar Georgssonar með til hliðsjónar.

Tók ég ljósmyndir af eftirtektaverðustu stöðunum og mældi fjarlægðina til Klaustursteinnsins, sem er eina friðlýsta fornleifin í nágrenninu. Einnig tók ég GPS mælingu á klaustursteininum og þúftinni vestan megin við húsið.

Yfirlit yfir sögu byggðar á svæðinu

Elsta skráða býlið á þessu svæði var svokallaður Austurbær. Var það eitt af elstu býlunum í Flatey og stóð nálægt þar sem Klausturhólahúsið er í dag. Í Austurbæ bjuggu oft prestar Flateyjar. Síðasti presturinn í bænum var séra Tómas Sigurðsson, sem bjó þar 1807-23, og stuttu síðar var húsið rífið og gerður kálgarður, sem í gamni var kallaður Búfræðingur. Síðar virðist hafa verið byggður þarna bær er hét Garðar eða Garðabær. Hermann S. Jónson skipstjóri (1856-1943), segir í endurminningum sínum að bærinn hafi verið þar sem Klausturhólahúsið er núna, og mér þykir líklegt að hafi verið byggður á rústum Austurbæ. Hægt er að sjá Garðabæ á uppdræti Samúels Eggertsonar frá 1910, en hann var í byggð alveg til 1953.

Hermann S. Jónson skipstjóri lýsir Garðabæ á þennan veg:

Hús þetta sneri til austurs og vesturs, með hálfgafla úr timbri á vesturenda. Var þar hús hjónanna [séra Andrésar Hjaltasonar og Eggþóru] afþiljað 1-1½ stafgólfi með fjöggra rúðna glugga. Baðstofan var undir skarsúð.¹

Samkvæmt Hermannni var þar pósthús síðarmeir.

Örnefnalýsing staðfestir að Garðabær hafi staðið þar sem Klausturhólahúsið er núna.² Austan megin við Klausturhólahúsið var lengi vel sjánleg rúst sem kölluð var

¹ Hermann S. Jónson. 1946: 399.

² Örnefnastofnun.

Klausturrústin. Nú er löngu búið að slétta yfir rústina, það eina sem sést er Klaustursteinninn sjálfur.

Það var ekki nema í 12 ár að Ágústínusarklaustur stóð í Flatey, Klængur biskup Þorsteinsson stofnaði klaustrið 1172, en 1184 var það flutt að Helgafelli.

Árni Magnússon lýsir „klaustur“ rústinni á þennan veg skömmu eftir 1700:

Fyrir austan bæinn í Flatey sér glögglega til kirkju og kirkjugarðs. Í sáluhliðinu stendur þar jarðfastur steinn og er klappaður ofan í hann kringlóttur bolli, segja menn þann brúkaðan verið til vígðs vatns... Strax fyrir vestan þennan kirkjugarð eru 3 eða fleirri hústóftir vallgrónar, segja Flateyingar það hafa verið hafa þess gamla klausturs hús.³

Í sóknarlýsingu séra Ólafs Sívertsen frá um 1840 lýsir hann klausturrústunum á eftirfarandi hátt:

Sjást enn gjörla merki, hvar klaustrið hefir staðið, austarlega og hæst í Flateyjartúni, nærhæfis 10 al. langt og 6 al. breitt, með garði umhverfis og dyrum til vesturs. Við inngöngu í klausturgarðinn stendur ennþá steinn mikill, lítið upp úr jarðar yfirborði. Þar í er klappaður bolli, sem tekið hefir nálægt einni mörk vatns, sem tjáist hafa staðið þar, og verið endurnýjað daglega, meðan klaustrið stóð, til þess að allir skyldu þvo sig í vatninu, sem gengu til bæna í klaustrinu.⁴

Margir Flateyingar eru þeirra skoðunnar að þetta séu leifar af fornri kirkju og kirkjugarði en klaustrið hafi staðið þar sem Klausturhólahúsið stendur nú, og þar áður Austurbærinn.⁵

Lýsingin virðist frekar eiga við kirkju og kirkjugarð en klaustur. Nálægt 1700 segir frá rústum vestanmegin við kirkjugarð þennan og gætu þær þá verið klaustrið.⁶ Eru þá klausturrústirnar farnar að nálgast Klausturhólahúsið mikið.

Á uppdrætti Samúels Eggertsonar frá 1910 sést einnig lítið torfhús suðaustur af gamla Garðabænum, sem líklegast er gamalt kotbýli og í norðaustri er svonefndur Ólafarbrunnur. Þar með er saga byggðar á þessu svæði upptalin, enda er þetta ekki viðfemt svæði og hörgull á heimildum.

Fornleifaskrá

Klausturhólahúsið stendur uppá hálfgerðum hæðahrygg sem liggur eftir miðri eyjunni og rétt austan megin við húsið situr Klaustursteinninn.

1. Tóft, öskuhaugur

Vestanmegin við húsið virðist vera allmiklar rústir. Samkvæmt fornleifaskrá Ágústar Georgssonar er þetta „Allrústarlegt þýfi...Sennilegast eftir byggingar í tengslum við Garðabæ er stóð hér fyrrum.“⁷ Merkir hann það sem 14 á korti.

³ Árni Magnússon. 1921: 35.

⁴ Ólafur Sívertsen. 1952: 188.

⁵ Örnefnastofnun.

⁶ Ágúst Georgsson. 1990: 8.

⁷ Sá sami.. 1990: 6-7.



GPS mæling sýndi með 15 metra skekkju:
 N 65°22.453'/W22°54.857'.
 Samkvæmt samtali við Hafstein Guðmundsson, bónda í Flatey, er þetta ævaforð öskuhaugur, en þeir eiga að vera tveir á eyjunni, annar þarna en hinn fyrir framan kirkjuna.

Mynd 2. Tóft við vesturenda Klausturhóla

2. Gamall húsgrunnur. Norðaustanmegin við húsið er gamall húsgrunnur. Ágúst merkir hann 16 og kallar hann þýflendi og hugsanlegt rústarsvæði, telur þetta þá vera eitthvað eftir Garðabæ.

Þetta er steypdur grunnur, einsog sést á mynd 3, en hann virðist vera steypdur ofaná gamlar hleðslur svo það eru góðar líkur á að þarna séu einhverjar gamlar leifar af Garðabæ.



Mynd 3. Gamall húsgrunnur við norðausturhorn Klausturhólahússins

3. Þýflendi. Beint austur af Klausturhólahúsinu er stórt þýflendi, ca. 14x18 metrar. Erfitt er sjá hvort þetta eru bara frostsKemmdir eða hvort eitthvað fleirra búi undir, en vel að merkja, þá var Garðabær stórt og reisulegt býli samkvæmt uppdrætti Samúels Eggertsonar.



Mynd 4. Þýflendi. Horft í austsuðaustur frá Klausturhólahúsinu

4. **Rústabungur.** Þrjár vallgrónar rústabungur samkvæmt Ágústi og merkt 17 á korti. Ca. 20 metra suðaustur frá Klausturhólahúsinu eru rústabungur, en ekki gat ég fundið nema tvær. Tel ég skýringu Ágústs að þetta séu leifar gamla torfbæjarins sem sést á korti Samúels, vera ansi sennilegar.



Mynd 5. Rústarbungur suðaustur frá Klausturhólahúsinu, horft í suðaustur.



Mynd 6. Klaustursteinninn. Skv. málbandinu er hann tæpir 1.3 metrar að lengd.

5. **Klaustursteinninn.** Rúmum 50 metrum í norðaustur frá norðausturhorni Klausturhólahúsins er Klaustursteinninn. U.m.b. 1,3 x 1 metrar að stærð og ein af þrem friðlýstum minjum í Flatey. GPS mæling sýndi með 15 metra skekkju: N 65°22.501'/W22°54.741'. Hann virðist vera eina leifin frá svonefndum klausturrústum. Þarna hefur allt verið sléttað svo ekkert er að sjá á yfirborð, og erfitt að geta sér til um hvað gæti leynst undir því.

6. **Ólafarbrunnur.** Því miður fannst hann ekki og heimamenn gátu ekki frætt mig um staðsetningu hans..

Niðurstöður

Þetta er ekki stórt svæði sem um er að ræða og ekki mikið um sjáanlegar minjar enda hefur verið beitt og heyjað þarna lengi og búið að slétta meira og minna allt sem hægt er að slétta. Umhverfið Klaustursteininn er lítið að sjá og staðsetning klausturrústanna á huldu. Það er spurning hvort Austurbær, Garðabær og síðan Klausturhólar hafi verið byggðir á klausturrústunum, og ef svo er skal aðgát höfð við allar framkvæmdir. Þar sem áætlaður kyndiklefinn á að vera eru ekki sjáanlegar neinar minjar sem þýðið þó ekki að þær eru ekki til staðar. Viðkvæmasti staðurinn er við vesturenda Klausturhólahússins, og þyrfti að athuga hann nánar

Heimildir

Ágúst Georgsson. 1990. *Bráðabirgðarskráning fornleifa í Flatey á Breiðafirði.* (Óútgefin)

Árni Magnússon. 1921. Um klaustrin. *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr II. Sögurit XVII.* Reykjavík.

Eylanda I. 1996. Ábúendur í Flateyjahreppi og þjóðlífsþættir. Þorsteinn Jónson (Ritst). Reykjavík.

Eylanda II. 1996. Ábúendur í Flateyjahreppi og þjóðlífsþættir. Þorsteinn Jónson (Ritst). Reykjavík.

Eysteinn G. Gíslason. 1989. Eyjar í Barðastrandasýslu. *Árbók FÍ.* Reykjavík. 135-219.

Hermann S. Jónson. 1946. Úr förum Hermanns úr Flatey. *Skútuöldin, síðara bindi.* Reykjavík. 396-458.


Ólafur Sívertsen. 1952. Lýsing Flateyjarprestakalls. *Sóknarlýsing Vestfjarða. I. Barðastrandasýsla.* Reykjavík. 92-193.

Örnefnastofnun. Flateyjarhreppur, Flatey.

Viðauki



Hluti úr korti Ágústar Georgsonar, þar sem hann hefur merkt fornleifar inn. Bláa línan er umrætt skipulagssvæði, sú græna Klausturhólahúsið, og sú rauða byggingarreiturinn.



Hluti úr korti Samúels Eggertsonar frá 1910.